



## Skipulags- og byggingarnefnd

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar þriðjudaginn 6. desember 2005 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi Við árbakkann ehf. 20. ágúst 2005.

Fyrir hönd fyrirtækisins sækir Erla Evensen um endurnýjun á auglýsingarskilti sem er á horni Húnabrautar og Norðurlandsvegur. Áformað er að stækka skiltið úr 2 x 1 metra í 2,50 x 1,20 metra. Þá er ósk um að fá að færa skiltið um 5 metra til norðurs, fjær gatnamótunum. Útlit skiltis breytist lítið.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

2. Erindi dagsett 11. nóvember 2005: Dejan Duric kt. 100573-2619 leigjandi að Skúlabraut 35 óskar eftir leyfi til að setja upp gervihnattardisk við Skúlabraut 35 af stærðinni 1,25 metrar í þvermál. Festingar verða traustar og miðaðar við verstu aðstæður

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

3. Erindi frá Heiðari Kr. ehf. Kt. 690605-3760 dagsett 18. nóvember 2005. Fyrir hönd fyrirtækisins sækir Heiðar Kristjánsson um leyfi til að staðsetja 20 feta gám (ÁVAXTAGÁM) á lóð sinni samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Afgreiðsla: Samþykkt var stöðuleyfi til eins árs, að undangengnu skriflegu samþykki næstu nágranna.

4. Erindi frá Blönduóssbæ dagsett 23. nóvember 2005.

Jóna Fanney Friðriksdóttir fyrir hönd Blönduóssbæjar óskar umsagnar um endurnýjun á leyfi til áfengisveitinga í húsnæði veitingahússins að Húnabraut 2, Við árbakkann.

Afgreiðsla: Að hálfu skipulags- og byggingarnefndar þykir ekki ástæða til að leggjast gegn því að Við árbakkann fái umbeðið leyfi enda er ekki um breytingar á notkun húsnæðis að ræða.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

*Jón Sigurðsson*

*Ágúst Sigurðsson*

*Jakob Þór Guðmundsson*

*Eyjólfur Þórarinsson, byggingarfulltrúi*

*Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri*

*Ragnar Ingi Tómasson*

